

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 141/1391*  
*komudagur 7.2.2013*



Nefndasvið Alþingis  
b.t. allsherjarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. febrúar 2013.

**Efni: Umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til breytinga á lögum um  
happdrætti nr. 38/2005 – 477. mál, þskj. 615.**

Rauði krossinn á Íslandi er almennt jákvæður gagnvart þessu frumvarpi, enda virðist vilji löggjafans vera að lögleiða happdrætti á netinu undir virku eftirliti og að ágóði þeirrar starfsemi renni til góðra mála í íslensku samfélagi, þar á meðal til mikilvægra samfélagsverkefna Rauða krossins. Má þar nefna neyðarvarnir, skyndihjálp og sálrænan stuðning, sjálfbóðaliðaverkefni sem draga úr félagslegri einangrun og alþjóðlegt þróunarsamstarf og neyðaraðstoð.

Tekjur Rauða krossins frá Íslandsspilum hafa farið hriðlækkandi á síðustu árum. Árlegar tekjur Rauða krossins hafa farið úr rúmum 1200 milljónum árið 1998 í rúmar 400 milljónir króna árið 2012 á verðlagi ársins 2013. Útlit er fyrir að tekjur Rauða krossins af Íslandsspilum árið 2013 verði innan við 35% að raungildi af því sem þær voru árið 1998. Tekjur af Íslandsspilum eru nú um það bil þriðjungur af heildartekjum Rauða krossins en voru 70-80% af heildartekjum fyrir 15 árum.

Rauði krossinn telur miklar líkur á að þessi samdráttur stafi að stórum hluta af aukinni netspilun sem hefur verið ólögleg hér á landi. Þar sem þetta frumvarp miðar að því að leyfa rekstur happdrættis á netinu hér á landi, með ströngum skilyrðum m.a. um ábyrga spilun, telur Rauði krossinn það geta treyst tekjugrundvöll félagsins eða að minnsta kosti hægt á áframhaldandi samdrætti tekna af Íslandsspilum.

**Athugasemdir við frumvarpið og nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 73/1994**

Rauði krossinn gerir sömu athugasemdir við frumvarpið og sömu breytingatillögur að lögum nr. 73/1994 og Íslandsspil sf. gerir í umsögn sinni dags. 4. febrúar 2013. Þar með talið:

1. Athugasemdir við ákvæði 7. gr. f í frumvarpinu, þar sem vakin er athygli á því að orðalag lagagreinarinnar virðist einungis gera ráð fyrir því að tilteknir rekstraraðilar happdrætta á Íslandi greiði eftirlits- og forvarnargjald.
2. Orðalag athugasemdahluta frumvarpsins um 1. – 5. gr. þess sem og kafla II í almennum athugasemdum um frumvarpið um heimild til ráðherra, þar sem gert er ráð

fyrir að veita ráðherra heimild til að veita aðila eða aðilum saman, sem hafa leyfi til starfrækslu happdrættis á grundvelli sérlaga, leyfi...“ . Samræmis þyrfti að gæta í texta og þar sem söfnunarkassar eru tilgreindir í frumvarpinu þyrfti þeirra einnig að vera getið hér.

3. Að lögum nr. 73/1994 verði breytt þannig að engin óvissa sé til staðar um það hvort rekstur happdrættis á netinu rúmist innan þeirrar heimildar sem Íslandsspil hafa nú þegar samkvæmt lögum nr. 73/1994.

Í þessu samhengi vísar Rauði krossinn til meðfylgjandi umsagnar Íslandsspila sf. og fylgiskjala dags. 4. febrúar 2013 þ.m.t. breytingartillögu Íslandsspila við 10. gr. frumvarpsins, svo og yfirlitsblaðs sem sýnir með skýrum hætti hvernig lög nr. 73/1994 munu líta út ef fallist verður á breytingatillöguna.

Að öðru leyti gerir Rauði krossinn á Íslandi ekki athugasemdir við þetta frumvarp.

Virðingarfyllst,



Kristján Sturluson  
framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi

Alþingi  
Erindi nr. P 141/1340  
komudagur 5.2.2013

Nefndasvið Alþingis  
b.t. allsherjarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 4. febrúar 2013.

**Efni: Umsögn Íslandsspila sf. um frumvarp til breytinga á lögum um happdrætti nr. 38/2005.**

Vísað er til allsherjarnefndar, um mál 477 á 141. löggjafarþingi – frumvarp til laga um breytingu á lögum um happdrætti nr. 38/2005 (Happdrættisstofa og bann við greiðsluþjónustu), sbr. þingskjal nr. 615.

Í upphafi telja Íslandsspil sf. rétt að taka fram að félagið telur það almennt jákvæða þróun að stofna skuli sjálfstæðan aðila sem hefur það eina hlutverk að sinna happdrættismálum. Á sama tíma telur félagið rétt að benda á að gert er ráð fyrir því að rekstur hins nýja aðila verði fjármagnaður með álagningu sérstaks eftirlits- og forvarnargjalds. Óþarfi er að taka fram að þessi gjaldtaka mun leiða til lækkunar á þeim framlögum sem ráðstafað er til aðildarfélaga Íslandsspila sf. vegna reksturs söfnunarkassa félagsins.

Auk framangreinds gera Íslandsspil eftirfarandi athugasemdir við efni hins nýja frumvarps. Í fyrsta lagi eru gerðar athugasemdir við þá nálgun frumvarpsins að fela Happdrættisstofu það vald að veita aðila eða aðilum saman, að fengnu samþykki ráðherra, leyfi til að reka peningahappdrætti á netinu, sbr. d. – lið 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Að mati Íslandsspila er hér um að ræða grundvallarbreytingu á því fyrirkomulagi sem lengi hefur gilt hér á landi, þ.e. að Alþingi veiti leyfi til reksturs peningahappdrættis. Í þessu sambandi er vert að vísa til 2. mgr. 2. gr. laga nr. 38/2005 um happdrætti, en þar segir:

*„Happdrætti þar sem spilað er um peninga eða peningaígildi er óheimilt að reka nema samkvæmt sérstakri lagaheimild. Skal í lögnum kveðið á um fyrirkomulag happdrættis, gjöld, rekstrarskilyrði og rekstrarform.“*

Íslandsspil telja að margar spurningar vakni við að fela Happprættisstofu það hlutverk að veita leyfi til reksturs peningahappprættis á netinu. Þar ber hæst það álitaefni hvort að rekstur peningahappprættis á netinu teljist til sjálfstæðs leyfis eða hvort það rúmist innan þeirra leyfa sem þegar gilda skv. sérlögum. Þótt ákvæði frumvarpsdraganna bendi til þess að um nýtt leyfi sé að ræða, þá er engu að síður töluverð óvissa til staðar um það atriði sem mikilvægt er að eyða, en það verður ekki gert nema að lögum nr. 73/1994 verði breytt. Svo einungis eitt dæmi sé tekið má vísa til 2. mgr. 1. gr. laga nr. 73/1994 um söfnunarkassa. Ákvæðið segir í núverandi mynd: „Tekjum af söfnunarkössum samkvæmt lögum þessum skal varið til starfsemi þeirra samtaka sem rétt hafa til reksturs þeirra.“ Að mati Íslandsspila er nauðsynlegt að bæta við orðunum „og happprætti“ eftir orðunum „af söfnunarkössum“ í nefndu ákvæði. Ef það er ekki gert þá vaknar það álitamál hvort að Íslandsspil (eða aðildarfélög) geti ráðstafað tekjum af happprætti á netinu að vild.

Af þessum sökum mælast Íslandsspil til þess að lögum nr. 73/1994 verði breytt þannig að enginn vafi verði á því að ákvörðun Happprættisstofu, verði hún tekin af hálfu stofnunarinnar, um að veita Íslandsspilum leyfi til reksturs happprættis á netinu, rúmist innan heimildar félagsins samkvæmt lögum nr. 73/1994. Eftir yfirferð félagsins á núgildandi leyfi samkvæmt fyrrnefndum lögum er ljóst að breyta þarf allflestum ákvæðum laganna. Með vísan til þessa fylgir breytingartillaga Íslandsspila við 10. gr. frumvarpsins, svo og yfirlitsblað sem sýnir með skýrum hætti hvernig lög nr. 73/1994 munu líta út ef fallist verður á breytingatillöguna.

Í öðru lagi eru gerðar athugasemdir við ákvæði 7. gr. f í frumvarpinu, en vakin er athygli á því að orðalag lagagreinarinnar virðist einungis gera ráð fyrir því að tilteknir rekstraraðilar happprætta á Íslandi greiði eftirlits- og forvarargjald ákvæðisins, sbr. „... skv. 2. og 3. mgr. 2. gr. laga þessara, lögum um ...“. Athugasemdir með umræddri grein frumvarpsins gera ráð fyrir hinu gagnstæða, sbr. „Í 1. mgr. f-liðar er lagt til að þeir sem hafa leyfi til að reka happprætti, spilakassa og veðmálastarfsemi *samkvæmt lögum um happprætti*, lögum um ...“.


Í þriðja lagi telja Íslandsspil óhjálakvæmilegt að gera athugasemdir við orðalag athugasemdahluta frumvarpsins um 1. – 5. gr. frumvarpsins sem og kafla II í almennum athugasemdum við frumvarpið. Við lestur d. – liðar 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er ljóst að kveðið er á um að heimilt sé að veita þeim leyfi er starfrækja happprætti *eða söfnunarkassa* samkvæmt sérstökum lögum. Í kafla II segir nú um tilefni og nauðsyn lagasetningarinnar: „Í þriðja lagi að veita ráðherra heimild til að veita aðila eða aðilum saman, sem hafa leyfi til starfrækslu happprættis á grundvelli sérlaga, leyfi ...“. Þar sem „söfnunarkassar“ eru einnig tilgreindir í frumvarpinu þá þyrfti textinn að vera svohljóðandi: „Í þriðja lagi að veita ráðherra heimild til að veita aðila eða aðilum saman, sem leyfi hafa til starfrækslu happprættis *eða söfnunarkassa* samkvæmt sérstökum lögum þar um, leyfi ...“.

Þá þyrfti einnig að breyta texta í sérstökum athugasemdum um 1. – 5. gr. þar sem segir: „Þar er lagt til að Happraættisstofa geti, að fengnu samþykki ráðherra, veitt þeim, er starfrækja happraætti samkvæmt sérstakri lagaheimild, leyfi ...“. Þarna þyrfti textinn að taka tillit til þess að „söfnunarkassar“ eru einnig tilgreindir í frumvarpinu og vera svohljóðandi: „Þar er lagt til að Happraættisstofa geti, að fengnu samþykki ráðherra, veitt þeim, er starfrækja happraætti eða söfnunarkassa samkvæmt sérstökum lögum þar um, leyfi ...“.

Með vísan til framangreinds er það afstaða Íslandsspila að ekki sé unnt að fallast á það frumvarp sem er til meðferðar hiá allsherjarnefnd nema að lögum nr. 73/1994 verði ennfremur breytt. sbr. hjálögð breytingartillaga. þannig að engin óvissa sé til staðar um það atriði hvort rekstur happraættis á netinu rúmist innan þeirrar heimildar sem Íslandsspil hafa nú þegar samkvæmt lögum nr. 73/1994.

Að lokum óska Íslandsspil eftir því að gera nánari grein fyrir ofangreindum atriðum svo og öðrum sem síðar kann að vera komið á framfæri við þinglega meðferð málsins.

Virðingarfyllst,  
f.h. Íslandsspila,



Magnús Snæbjörnsson,  
framkvæmdastjóri

## Breytingartillaga Íslandsspila sf.

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um happdrætti nr. 38/2005

Íslandsspil sf. leggja til að 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um happdrætti nr. 38/2005 verði svohljóðandi:

2. Lög nr. 73/1994, um söfnunarkassa:

- a. Á eftir orðunum „starfrækja söfnunarkassa“ í 1. máls. 1. gr. laganna kemur:  
„og happdrætti á netinu“.
- b. Í stað orðanna „um rekstur söfnunarkassanna“ í 2. ml. 1. mgr. 1. gr. kemur: „um rekstur söfnunarkassa og happdrættis“.
- c. Í stað orðsins „söfnunarkössum“ í 2. mgr. 1. gr. kemur: „söfnunarkössum og happdrætti“.
- d. Á eftir 2. ml. 1. mgr. 2. gr. laganna skal koma nýr málslíður sem skal vera svohljóðandi: Með happdrætti er átt við hvers konar happdrætti, þar sem spilað er um peninga eða peningaígildi með þátttöku almennings, með eða án framlags, þar sem vinningur er valinn að nokkru eða öllu leyti með tilviljunarkenndum hætti eða vinningur ræðst af úrslitum keppni eða atburða, sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 38/2005.
- e. 2. mgr. 2. gr. laganna skal eftirleiðis vera svohljóðandi:  
„Reikningar fyrir innkomið söfnunarfé í söfnunarkössum og happdrætti samkvæmt lögum þessum og rekstur þeirra skulu endurskoðaðir af tveimur löggiltum endurskoðendum og skal annar tilnefndur sameiginlega af þeim félagasamtökum sem standa að rekstri söfnunarkassanna og happdrættis og hinn af ráðherra. Að lokinni endurskoðun skal eintak af ársreikningi afhent ráðherra.“
- f. Í stað orðsins „söfnunarkössum“ í 3. gr. kemur: „söfnunarkössum og happdrætti“.
- g. Á eftir orðunum „að fengnum tillögum“ í 1. málsl. 4. gr. laganna kemur:  
„Happdrættisstofu og“.
- h. Við 4. gr. laganna bætist nýr málslíður, sem verður 2. ml. 1. mgr., svohljóðandi:  
„Með sama hætti er ráðherra heimilt að setja reglugerð um m.a. fjölda og tegundir leikja, eftirlit með þeim, skilyrði fyrir þátttöku, fjárhæð vinninga og um ráðstafanir í því skyni að tryggja ábyrga spilun vegna reksturs happdrættis á netinu þar sem spilað er um peninga eða peningaígildi, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 38/2005 um happdrætti.“

## Greinargerð.

Samkvæmt d – lið 1. gr. frumvarps til breytinga á lögum nr. 38/2005 skal Happprættisstofu vera heimilt að fengnu samþykki ráðherra að veita þeim er starfrækja happprætti eða söfnunarkassa samkvæmt sérstökum lögum þar um, einum eða fleiri saman, leyfi til að reka happprætti á netinu þar sem spilað er um peninga eða peningaígildi.

Íslandsspil sf., áður Íslenskir söfnunarkassar (ÍSK), starfrækja söfnunarkassa með peningavinningum skv. leyfi ráðherra, sbr. heimild í 1. gr. laga um söfnunarkassa nr. 73/1994. Svo að tryggt sé að Íslandsspil hafi einnig heimild til þess að starfrækja happprætti á netinu þar sem spilað er um peninga eða peningaígildi, er breytingartillaga þessi nauðsynleg.

Breytingartillagan tekur mið af því af því að Íslandsspil sf. hafi kost á því að starfrækja hvoru tveggja, söfnunarkassa og happprætti á netinu þar sem spilað er um peninga eða peningaígildi og að tryggt sé að samtök þau sem standa að félaginu geri viðeigandi samninga um rekstur hvoru tveggja og skiptingu tekna af söfnunarfé, að tryggt sé að reikningar fyrir innkomið söfnunarfé séu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum auk þess sem tryggt sé að vinningar bæði úr söfnunarkössum og happprætti á netinu þar sem spilað er um peninga eða peningaígildi séu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum.

## Lög nr. 73/1994 um söfnunarkassa ef breytingartillaga Íslandsspila sf. nær fram að ganga (rauður texti kemur úr breytingartillögu)

■ **1. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að veita Íslenskum söfnunarkössum (ÍSK), félagi í eigu Rauða kross Íslands, Landsbjargar, Samtaka áhugamanna um áfengis- og vímuefnavandann og Slysavarnafélags Íslands, leyfi til að starfrækja söfnunarkassa [og happdrætti á netinu] með peningavinningum. Samtökin, sem standa að félaginu, skulu gera með sér samstarfssamning um rekstur söfnunarkassanna [og happdrættis], þar með talið um skiptingu tekna af söfnunarfénu sem [ráðherra]<sup>2)</sup> staðfestir.

□ Tekjum af söfnunarkössum [og happdrætti] samkvæmt lögum þessum skal varið til starfsemi þeirra samtaka sem rétt hafa til reksturs þeirra.

<sup>1)</sup>L. 126/2011, 192. gr. <sup>2)</sup>L. 162/2010, 133. gr.

■ **2. gr.** Með söfnunarkössum í lögum þessum er átt við handvirka og/eða vélræna söfnunarkassa sem ekki eru samtengdir og í eru sett peningaframlög er jafnframt veita þeim sem þau leggja fram möguleika á peningavinningi, allt að ákveðinni fjárhæð, og skal úthlutun vinninga byggjast á tilviljun. Söfnunarkassar samkvæmt lögum þessum skulu vera merktir Íslenskum söfnunarkössum. [Með happdrætti er átt við hvers konar happdrætti, þar sem spilað er um peninga eða peningaígildi með þátttöku almennings, með eða án framlags, þar sem vinningur er valinn að nokkru eða öllu leyti með tilviljunarkenndum hætti eða vinningur ræðst af úrslitum keppni eða atburða, sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 38/2005.]

□ Reikningar fyrir innkomið söfnunarfé í söfnunarkössum [og happdrætti] samkvæmt lögum þessum og rekstur þeirra skulu endurskoðaðir af tveimur löggiltum endurskoðendum og skal annar tilnefndur sameiginlega af þeim félagasamtökum sem standa að rekstri söfnunarkassanna [og happdrættis] og hinn af [ráðherra].<sup>1)</sup> Að lokinni endurskoðun skal eintak af ársreikningi afhent [ráðherra].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 162/2010, 133. gr.

■ **3. gr.** Vinningar úr söfnunarkössum [og happdrætti] samkvæmt lögum þessum eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 129/2004, 103. gr.

■ **4. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur í reglugerð,<sup>2)</sup> að fengnum tillögum [Happdrættisstofu og] stjórnar Íslenskra söfnunarkassa, nánari ákvæði um staðsetningu, auðkenningu, fjölda og tegundir söfnunarkassa, eftirlit með þeim, notkun mynta og seðla við greiðslu framlaga, fjárhæð vinninga og aldur þeirra sem nota mega kassana til að leggja fram framlög en hann skal þó eigi vera lægri en 16 ár. [Með sama hætti er ráðherra heimilt að setja reglugerð um m.a. fjölda og tegundir leikja, eftirlit með þeim, skilyrði fyrir þátttöku, fjárhæð vinninga og um ráðstafanir í því skyni að tryggja ábyrga spilun vegna reksturs happdrættis á netinu þar sem spilað er um peninga eða peningaígildi, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 38/2005 um happdrætti.] Með sama hætti getur ráðherra sett í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um greiðslu kostnaðar vegna eftirlits og endurskoðunar.

<sup>1)</sup>L. 162/2010, 133. gr. <sup>2)</sup>Rg. 320/2008.

■ **5. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt öðrum lögum. Þá er heimilt með dómi að gera upptæk tæki og fjármuni sem notaðir hafa verið við brot á lögunum.

■ **6. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.